

Garðabæ 2. október, 2019.

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	04.10.19
Málalykill	00.10.1
Mál nr.	1905355

Hr. Gunnar Einarsson, bæjastjóri
Ráðhúsi Garðabæjar v/Garðatorg.

Í framhaldi af málaleitan BOCCIA – hóps FEBG í júní sl., til bæjarstjórnar Garðabæjar um fjárstyrk til farar á Landsmót UMFÍ +50 í Neskaupstað, sem haldið var í lok júní sl., viljum við þakka fyrir þann stuðning sem íþrótta- og tómstundaráð veitti okkur með kr. 50.000 fyrir hópinn.

Þar sem okkur er kunnugt um að beiðni okkar þurfti að afgreiðast af fleirri en einni stofnun bæjarstjórnar, óskum við eftir að þú komir á framfæri við alla aðila málsins, þakklæti hópsins fyrir þá velvild sem okkur var sýnd.

Af afrekum hópsins er það að segja að tvö af 3 liðum okkar komust í undanúrslit og áfram í úrslit og lentu þau í 3. (brons) og 5. sæti, en alls tóku hátt á þriðja tug liða þátt í keppninni.

Með fyrirfram þakklæti.
Fh. hópsins.


Jón Sverrir Dagbjartsson.

